

1915

Föstudaginn 11. ágúst 1995.

Nr. 273/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Magnúsi Björgvini Sveinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálkostnaðar.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn til 15. september nk. kl. 16.00.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu verður úrskurðurinn staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálkostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. ágúst 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að gæsluvarðhaldsvist, er Magnús Björgvin Sveinsson, kt. 201066-3289, hefur sætt frá 16. júní sl., verði framlengd allt til föstudagsins 15. september nk. kl. 16.00.

Með úrskurðum 16. og 23. júní sl. var Magnúsi Björgvini Sveinssyni gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna fjársvikabrota. Þá lá fyrir 31 kæra um fjársvik á hendur kærða. Frá 23. júní sl. hefur RLR tekið upp rannsókn á 14 fjársvikabrotum, sem kærði er grunaður um. Að jafnaði er um að ræða kaup á vörum allt frá liðlega 10.000 krónum upp í rúmlega eina milljón króna.

Kærði viðurkennir kaup á varningi þeim, sem um ræðir, og útgáfu tékka, þegar um þá er að ræða, en þeir hafa allir reynt innstæðulausir og kærði ekki greitt að neinu leyti vörur þær, sem hann hefur keypt. Þá kveðst hann

ekki muna, hvar hinir keyptu munir eru niður komnir, og hafa þeir ekki fundist.

Sýnilegt er, að kærði hefur gerst sekur um stórfelld fjársvik. Ekki er trúverðugt minnisleysi hans um, hvað hann hafi gert við vörur þær, er hann keypti. Rannsókn málsins er langt komin, nema hvað vörur þessar hafa ekki fundist. Rannsóknarlögreglan styður kröfu sína við a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki verður fallist á, að unnt sé að beita gæsluvarðhaldi með heimild í c-lið, eins og hér stendur á, en kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 16. júní sl. Hins vegar ber að fallast á, að rannsóknarhagsmunir standi til þess, að gæsluvarðhald kærða verði framlengt, þó ekki svo lengi sem lögregla krefst.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verði gæsluvarðhald kærða framlengt allt til föstudagsins 18. ágúst nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Björgvin Sveinsson, sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. ágúst nk. kl. 16.00.